

Miðvikudaginn 10. júní 1987.

Nr. 101/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Gissuri Sveini Ingólfssyni

(Othar Örn Petersen hrl.)

Leigubifreiðar. Atvinnuréttindi. Lagatúlkun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var með stefnu 19. mars 1987 áfrýjað til Hæstaréttar af ákærvaldsins hálfu til sakfellingar og refsíákvörðunar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, en eigi þykja þau skipta neinu um úrlausn málsins.

Ákærða er gefið að sök að hann hafi notað sendiferðabifreið sína til fólksflutninga „allt frá skráningardegi bifreiðarinnar R-62507 þann 17. janúar 1985 og til þessa“, en síðan tilgreint tvö tilvik, 1. og 19. apríl 1985. Er ákærði kom fyrir dóm í máli þessu var þetta bókað eftir honum um afstöðu hans til ákærunnar: „Ákærði kveðst ekki mótmæla atvikalýsingu í ákærunni. Atburðir sem lýst er í a- og b-liðum hennar hafi gerst eins og þar segir.“

Samkvæmt þessu þykir ákærði hafa skýlaust kannast við þau tvö tilvik sem um ræðir í a- og b-liðum, en framburður hans verður hins vegar ekki metinn sem játning á því að hann hafi að öðru leyti stundað leiguakstur með menn, enda var hann ekki spurður neitt nánar um þann þátt ákærunnar né heldur hafa nein önnur gögn verið færð fram um hann. Verður því að meta það eitt hvort hann hafi með umræddum tveim ökuferðum brotið gegn þeim ákvæðum sem í ákæru greinir.

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1970 er lagt bann við að stunda leiguakstur á fólksbifreiðum nema að uppfylltum þeim skilyrðum er þar greinir. Ákært er í málinu fyrir akstur gegn gjaldi á sendibifreið, sem fjallað er um í 3. og 4. gr. sömu laga. Með því að skýra ber nefnda 2. mgr. 1. gr. eftir orðum sínum þykir ákærði ekki hafa

brotið gegn henni. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og
Halldórs Þorbjörnssonar**

Við erum sammála meiri hluta dómara um það að í máli þessu verði einungis um það dæmt hvort ákærði hafi brotið gegn lögum nr. 36/1970 með akstri sínum hinn 1. og 19. apríl 1985, sbr. a- og b-liði í ákæru.

Skilja verður 2. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1970 á þann veg að þar sé lagt bann við því að aðrir bifreiðarstjórar aki farþegum gegn gjaldi en þeir sem aka frá viðurkenndri fólksbifreiðastöð. Teljum við því að ákærði hafi í áðurnefnd skipti brotið gegn ákvæði þessu og unnið samkvæmt 11. gr. laganna til refsingar sem ákveðin verði með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga 10.000,00 króna sekt og vararefsing sektar 5 daga varðhald. Eftir þeirri niðurstöðu ætti að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar í héraði, svo og áfrýjunarkostnaðar.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. febrúar 1987.

Ár 1987, mánudaginn 2. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 63/1987: Ákærvaldið gegn Gissuri Sveini Ingólfssyni, sem dómtekið var 30. janúar 1987.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. maí 1985, á hendur Gissuri Sveini Ingólfssyni bifreiðarstjóra, Gnoðarvogi 16 í Reykjavík, fæddum 20. ágúst 1950 þar í borg, „fyrir brot á lögum um leigubif-

reiðar nr. 36, 1970 og reglugerð um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa nr. 320, 1983 með því að hafa allt frá skráningar-degi bifreiðarinnar R-62507 þann 17. janúar 1985 og til þessa, en bifreiðin er skráð sendiferðabifreið til flutnings á hlassi allt að 536 kg, notað þá bifreið til fólksflutninga og ekið henni auk venjubundins leiguaksturs sendiferðabifreiða frá sendibifreiðastöðinni Sendibílum hf., Hafnarstræti 2, Reykjavík, frá þeirri bifreiðastöð jöfnum höndum og án þess að hafa öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri í Reykjavík, sem leigubifreið til mannflutninga í Reykjavík þ. á m.:

a) Föstudaginn 19. apríl 1985 um kl. 22:00 sinnt kvaðningu frá áður-nefndri sendibifreiðastöð um leigubifreið að húsinu Barmahlíð 33 í Reykjavík og ekið þaðan, gegn fyrirhugaðri gjaldtöku, farþegunum Birni Kristjánssyni og konu hans Þuríði Stefánsdóttur, til heimilis Barmahlíð 33, sem óskað höfðu eftir leigubifreið frá „Bifreiðastöð Steindórs“, áleiðis að Krummahólum 4 þar til akstur ákærða með farþegana var hindraður á Höfðabakka af nokkrum leigubifreiðastjórum í Reykjavík eftir að þeir höfðu kallað lögreglu á vettvang.

b) Mánudaginn 1. apríl 1985, um kl. 12:30 sinnt kvaðningu frá áður-nefndri sendibifreiðastöð um leigubifreið að húsinu Austurbrún 6 í Reykjavík og ekið þaðan farþega, ónafngreindri konu, að Norðurbrún 2, þar sem farþeginn greiddi ökugjald, kr. 95, og yfirgaf bifreið ákærða sem þá var hindraður af tveimur leigubifreiðastjórum í að aka brott þar til lögregla kom á vettvang.

Brot ákærða teljast varða við 2. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 11. gr. laga um leigubifreiðar nr. 36, 1970, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. áður-nefndrar reglugerðar nr. 320, 1983.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

I.

Mánudaginn 1. apríl 1985 var lögregla kvödd að Norðurbrún 1 í Reykjavík en þar hafði skorist í odda með ákærða og öðrum leigubifreiðarstjórum. Voru þar fyrir ákærði með sendiferðabifreið sína, R-62507, og tveir bifreiðarstjórar frá Bæjarleiðum sem kváðu ákærða hafa tekið farþega á Austurbrún 6 og ekið með hann að Norðurbrún 2, en ákærði hefði ekki réttindi til þess að stunda leiguakstur með farþega.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa, eftir að beiðni barst um talstöð bifreiðar hans, ekið að Austurbrún 6 og tekið þar farþega. Hann hafði ekið með farþegann að Norðurbrún þrátt fyrir að leigubifreiðarstjórnir hafi reynt að hefta för hans. Þar hefði farþeginn farið úr og greitt ökugjaldið, 95 krónur. Þegar ákærði ætlaði að aka á brott hindruðu bifreiðastjórnir

hann í því og komst ákærði ekki á brott fyrr en lögreglan var kvödd á staðinn. Ákærði kveðst ekki hafa flutt neinn varning í þetta sinn.

Föstudaginn 19. sama mánaðar var lögregla kvödd til Stekkjabakka við Hamrastekk, en þar hafði enn skorist í odda með ákærða og öðrum leigubifreiðarstjórum. Voru þar fyrir ákærði og margir leigubifreiðarstjórar, þar af þrír frá BSR, Bæjarleiðum og Hreyfli, sem höfðu veitt ákærða eftirför þegar hann ók með farþega frá Barmahlíð 33 áleiðis í Krummahóla þar til þeir stöðvuðu akstur ákærða á Stekkjabakka.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa, eftir að beiðni barst um talstöð bifreiðar hans, ekið að Barmahlíð 33, tekið þar tvo farþega og ekið með þau (sic) áleiðis í Krummahóla þar til akstur hans var stöðvaður eins og fyrr segir.

Ákærði segist ekki hafa tekið neinar vörur í Barmahlíð 33.

Samkvæmt vottorðum Bifreiðaeftirlits ríkisins er bifreið ákærða sendibifreið af tegundinni Subaru E10 Van 4WD, 860 kg að þyngd, gerð fyrir þrjá farþega og 536 kg hlass.

II.

Samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36, 1970, eru þrjár gerðir leigubifreiða: leigubifreiðar til fólksflutninga (einnig nefndar fólksbifreiðar), leigubifreiðar til sendiferðabifreiðaaksturs (einnig nefndar sendiferðabifreiðar) og leigubifreiðar til vöruflutninga (einnig nefndar vörubifreiðar).

Ekki er í lögnum að finna neina skilgreiningu á þessum hugtökum og verður því að miða við hvernig bifreið ákærða er skráð hjá Bifreiðaeftirlitinu.

Í 1. mgr. 1. gr. laganna er kveðið svo á að bæjarstjórn sé heimilt að ákveða að fólksbifreiðar í kaupstaðnum skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum sem fengið hafi viðurkenningu bæjarstjórnar, og í 2. mgr. segir að þar sem starfandi séu viðurkenndar fólksbifreiðastöðvar sé öllum óheimilt að stunda leiguakstur á fólksbifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem ekki sé viðurkennd. Þá eru í 1. og 2. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr. hliðstæð ákvæði um sendiferðabifreiðar og vörubifreiðar.

Í 2., 4. og 6. gr. laganna eru enn fremur ákvæði sem heimila samgönguráðuneytinu að takmarka með reglugerð og samkvæmt beiðni stéttarfélaga bifreiðastjóra (fólks-, sendiferða- eða vörubifreiða) fjölda leigubifreiða af hverri gerð ef fjöldi íbúa á félagssvæðinu er 700 eða meiri.

Tala leigubifreiða til fólksflutninga í Reykjavík er takmörkuð með reglugerð nr. 320, 1983, og tala leigubifreiða til vöruflutninga í Reykjavík og nágrenni með reglugerð nr. 244, 1970.

Samkvæmt bréfi borgarlögmans, sem liggur frammi í málinu, hefur borgarstjórn Reykjavíkur ekki neytt heimildar 3. gr. laganna til þess að

ákveða að allar sendibifreiðar í borginni skuli hafa afgreiðslu á viðurkenndum bifreiðastöðvum, enda þótt stéttarfélag sendibifreiðastjóra hafi óskað eftir því við borgarstjórn þegar árið 1970. Þá hefur samgönguráðuneytið ekki takmarkað fjölda sendiferðabifreiða í Reykjavík með reglugerð. Verður að líta svo á að öllum sé frjálst að stunda leiguakstur á sendiferðabifreiðum í Reykjavík.

Kemur þá til álita hvort ákærði hafi, með því að aka farþegum gegn gjaldi, gerst sekur um refsivert brot gegn lögnum um leigubifreiðar.

Hvorki í lögnum um leigubifreiðar né í reglugerðinni nr. 320, 1983 er að finna neitt ákvæði sem bannar sendibifreiðastjórum að fara inn á venjubundið starfssvið fólks- og vörubifreiðarstjóra og öfugt, heldur eru refsheimildirnar í lögnum bundnar við það að stundaður sé leiguakstur utan stöðvar eða frá stöð sem ekki hefur verið viðurkennd, ef í kaupstaðnum eða sýslustaðnum er viðurkennd stöð fyrir þá gerð leigubifreiða, sem í hlut á.

Með vísan til þessa ber að sýkna ákærða af ákærunni í máli þessu og dæma ríkissjóð til þess að greiða allan kostnað af því, þar með talin málsvarnarlauð til skipaðs verjanda ákærða, Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns, 15.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gissur Sveinn Ingólfsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður, þar með talin máslvarnarlauð til verjanda ákærða, Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns, 15.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.